

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarness.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. mars 1978 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Borgarnes.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af sveitarstjórn Borgarnesshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

17. maí 1978.

Nr. 216.

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Skútustaðahreppi að undanteknum þarfahundum við búrekstur á lögþýlum.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um, að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann síðar að verða breytt.

b) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati sveitarstjórnar.

c) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almannar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d) Hundeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda.

Skilyrði fyrir hundahaldi í húsum þar sem íbúðir hafa sameiginlegan inn-gang er, að allir íbúðareigendur samþykki slíkt, og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e) Til að standa straum af kostnaði sveitarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal árlega greiða sveitarsjóði leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir.

Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júní mánaðar og síðan árlega 1. júní fyrir eitt ár í senn. Sveitarstjórn ákveður upphæð gjaldsins.

Hundar sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar eru undanþegnir leyfisgjaldi.

Við greiðslu leyfisgjalds ber hundeiganda hverju sinni að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingargjalds samkv. b-lið þessarar greinar, váttryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

### 3. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða alvarlegt brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

### 4. gr.

Eigendum þarfahunda á lögbýlum er skylt að sjá til þess, að hundarnir flækist ekki um lausir, raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda.

Flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hans innan tveggja sólarhringa er heimilt að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

### 5. gr.

Hreppstjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarstjórn án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

### 6. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Skútustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. apríl 1978.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um sérstakt tímabundið vörugjald.

#### I. KAFLI

#### Sérstakt vörugjald.

##### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
  2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.
- Gjaldið skal vera 16% til 31. desember 1978.